

**Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar samþykktar í borgarstjórn 3. mars 2020.**

## **Skráningarblað.**

Skráning er valkvæð og skulu þeir borgarfulltrúar sem kjósa að skrá hagsmuni sína í samræmi við reglurnar, innan mánaðar frá því að borgarstjórn kemur saman eftir kosningar, gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Nafn borgarfulltrúa:

--

### **Fjárhagslegir hagsmunir**

Fjárhagslega hagsmuni skal skrá skv. töluliðum 1.- 5. lið hér á eftir. Ath. að ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1.- 5. tölulið. Heimilt er að fella brott upplýsingar sem skráðar eru undir 2. tölulið þegar fjögur ár eru liðin frá upphaflegri skráningu.

#### **1. Launuð störf og tekjumyndandi starfsemi**

a) Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum.

Nafn félags	Staða

b) Launað starf eða verkefni (annað en launað starf sem borgarfulltrúi).

Starfsheiti	Nafn vinnuveitanda eða verkkaupa

c) Starfsemi sem er rekin samhliða starfi borgarfulltrúa og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í.

Tegund starfsemi


#### **2. Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skulda**

a) Fjárframlög eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum, þ.á m. stuðningur í formi skrifstofuaðstöðu eða hliðstæðrar þjónustu, sem fellur utan þess stuðnings sem Reykjavíkurborg eða flokkur borgarfulltrúa lætur í té, og verðgildi

stuðnings nemur meira en 50 þús. kr. á ári. Enn fremur skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 50 þús. kr. sem ætla má að sé veittur vegna setu í borgarstjórn.

Eðli stuðnings	Hver veitir

b) Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 50 þús. kr. og gjöfin sé veitt vegna stöðu kjörins fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Nafn félags	Staða	Hvers kyns gjöf	Hvenær látin í té

c) Ferðir og heimsóknir innanlands og utan sem geta tengst setu í borgarstjórn og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af Reykjavíkurborg, stjórnmalasamtökum borgarfulltrúa eða af borgarfulltrúanum sjálfum.

Hver stóð undir útgjöldum ferðar	Tímabil ferðar	Áfangastaðir

d) Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings við lánardrottin.

Nafn lánardrottins	Eðli samnings

### 3. Eignir

a) Fasteign sem er að einum þriðja eða meira í eigu borgarfulltrúa eða félags sem hann á fjórðungs hlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir borgarfulltrúa og fjölskyldu hans og lóðaréttindi undir slíkt húsnæði.

Heiti landareignar	Staðsetning fasteignar

b) Heiti félags eða sparisjóðs í atvinnurekstri, sem borgarfulltrúi á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinna viðmiða:

1. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en einni milljón króna miðað við 31. desember ár hvert.
2. Hlutur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 m.kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 m.kr. eða meira.
3. Hlutur nemur 25% eða meira af hlutfé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar.

Heiti félags eða sparisjóðs


c) Sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri, sbr. 3. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sem kjörinn fulltrúi á hlut í og fer yfir einhver þeirra viðmiða sem talin eru í b-lið.

Heiti sjálfseignarstofnunar


Við mat á því hvort skrá skuli fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa í félagi sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í skal miða við skilgreiningu á raunverulegum eiganda sbr. ákvæði laga um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019.

#### 4. Skuldir

Skrá skal skuldir, sjálfskuldarábyrgðir og aðrar ábyrgðir, sem tengdar eru rekstri fasteingar eða atvinnurekstri félaga, sparisjóða eða sjálfseignarstofnana, sbr. 3. tölulið. Ekki skal skrá fjárhæðir skuldar eða skuldir sem eða ábyrgðir sem stofnað er til í öðrum tilgangi, svo sem vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða bifreið til eigin nota, námslán eða annara ráðstafanna sem ekki tengjast atvinnurekstri.

Tegund skuldar

Skuld

Tegund skuldar	Skuld

#### 5. Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda

a) Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan setið er í borgarstjórn.

Gerð samkomulags

Nafn vinnuveitanda


b) Samkomulag við framtíðarvinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að borgarfulltrúi hverfur úr borgarstjórn.

Gerð samkomulags

Nafn vinnuveitanda


### 6. Trúnaðarstörf utan borgarstjórnar

Skráðar skulu upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórnsmálaflokka óháð því hvort þessi störf eru launuð.

Nafn félags/hagsmunasamtaka/stofnunar/heiti sveitarfélags

Eðli trúnaðarstarfs


**Staðfest á fundi forsætisnefndar  
17. apríl 2020**